verknr.	teikn. nr.	útgáfa	dags.:
17-07	39002		8.3.2022

bls. 5	skrá:

Fyrirvari: Ekki skal mæla af teikningum, aðeins málsettar stærðir eru í gildi. Framkvæmdaaðili skal sannreyna öll mál á verkstað.



EFTIR BREYTINGU

21.júní/
sumarsólstöður
kl. 9



FYRIR BREYTINGU

21.júní/
sumarsólstöður
kl. 9



EFTIR BREYTINGU

21.júní/
sumarsólstöður
kl. 13:30



FYRIR BREYTINGU

21.júní/
sumarsólstöður
kl. 13:30



EFTIR BREYTINGU

21.júní/
sumarsólstöður
kl. 17



FYRIR BREYTINGU

21.júní/
sumarsólstöður
kl. 17

STIMPILREITUR

breyting: | skýring: | dags.: | teiknað:



KANON ARKITEKTAR

Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

Brekkustígur 9

efni:

Rúmmyndir / skuggavarp - sumarsólstöður

mkv.:		teiknað	yfirfarið
1: 400		HBTH	ÞS
verknr.	teikn. nr.	útgáfa	dags.:
17-07	39003		8.3.2022
bls. 6	skrá:		

Fyrirvari: Ekki skal miða af teikningum, aðeins málsettar stærðir eru í gildi. Framkvæmdaaðili skal sannreyna öll mál á verkstað.

USK Skipulag

Frá: Sigrún Baldvinsdóttir [redacted]
Sent: þriðjudagur, 5. júlí 2022 14:40
Til: USK Skipulag
Efni: Grenndarkynning

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Komið sæl!
Þetta erindi er vegna húsanna no 9 við Brekkustíg og Öldugötu 44.
Hvað verða margar íbúðir í þessum húsum?
Breytingin sem á að verða á Brekkustíg 9 virðist falla vel að götumyndinni en ég geri mér ekki grein fyrir hvort hækkunin hefur mikil áhrif frá mínu húsi séð sem er Brekkustígur 6A.
Ég sendi inn athugasemd að mig minnir árið 2020 varðandi Öldugötu 44 og mótmælti þá harðlega útliti hússins. Eftir þau mótmæli frá mér og öðrum hef ég ekki séð nýja útfærslu á því húsi. Heyri bara að vegna mótmæla ætti að verða mjúk lending á horninu. Veit að þrjár nýjar íbúðir eru að klárast á Brekkustíg 6B.
Brekkustígurinn er frekar þröng gata og nú þegar er nánast aldrei að kvöldi til hægt að reikna með að bílastæði sé laust í götunni . Gatan er full af bílum síðdegis og svörin frá borginni eru á þann veg að hjólagrindur verði á lóðunum.
Ég er sannfærð um að það fylgja bílar með nýjum íbúðum.
Hefur það einhvern tilgang að mótmæla fjölgun íbúða í götunni????
Með vinsemd,
Sigrún Baldvinsdóttir,
Brekkustíg 6A,
Reykjavík.

USK Skipulag

Frá: Þorsteinn Geirharðsson [redacted]
Sent: mánudagur, 11. júlí 2022 23:24
Til: USK Skipulag
Afrit: Gudny Helgadottir; Valdimar Valdimarsson
Efni: Varðar Brekkustíg 9 í Reykjavík

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Góðan dag hjá embætti skipulagtsfulltrúa í Reykjavík.
Og sérstaklega góðan dag hjá verkefnisstjóra Hrafnhildi Sverrisdóttur sem þetta mun berast.

Mér sem húseiganda á Öldugötu 47 er gefinn kostur á að tjá mig um endurbyggingu og hækkun hússins að Brekkustíg 9 í Reykjavík, sem sótt hefur verið um til byggingarfulltrúa og er nú í umsögn hjá skipulagsfulltrúa. Til grundvallar liggja uppdrættir gerðir af KANON ARKITEKTUM dagsettir 8.mars 2022.

Sem hagsmunaaðili í málinu get ég ekki gert athugasemd við þessa tillögu sem snertir einungis lóðina Brekkustíg 9, þar sem engir hlutlægir hagsmunir eru skertir frá mínum bæjardyrum séð (í bókstaflegri merkingu hér). Útfærsla kjallara vekur þó grun um að þar muni verða sjálfstæð íbúðareining í reynd. Það sést á fyrirkomulagi grunnmyndar og að sérinngangur er fyrir kjallarann auk inngangs í hjólageymslu. Með þessu er aukið álag í hverfinu varðandi bílastæði. Reiknkúnstir skipulagsfulltrúa skilst mér þó að telji að nóg sé af stæðum í þessu hverfi og því ekki tilraunarinnar virði að gera athugasemd við það. Hef þó enga trú á að neinn af reiknimeisturunum búi hér í hverfinu og hafi því enga reynslu af því.

Sem arkitekt og fagurkeri finnst mér að vel hafi tekist til með götuhlið hússins og tel að mansardþakið geti farið húsinu vel og hlutföll í gluggum og milli húss og þaks samsvari sér vel. Ég tel þó að óþarfi sé að minnka glugga í anddyri á 1. hæð til suðurs og raska þannig samhverju gaflsins, sem blasir við mér út um minn kvistglugga. Í grunnmynd er augljóst að fatahengi getur verið með bakið upp að austurvegg, og gluggi í núverandi stærð gæfi ekki síðri birtu inn í það.

Sem borgari og hluti af samfélagi verð ég að nefna fyrir hönd nágranna að Brekkustíg 7, að þrátt fyrir að himinn og haf sé milli skuggavarps þessarar tillögu og þeirrar sem grenndarkynnt var í júní 2020, þá er samt um aukið skuggavarp að ræða frá því sem nú er. Bæði varpar stigahús fyrr skugga á Brekkustíg 7, og mansardþakið hækkar um 50cm í mæninn og hallar að auki minna en gamla þakið. Það er hlutverk skipulagsfulltrúa að meta það að lokum hvernær skerðing er nógu lítil til að vera ásættanleg og hvernær ekki. Ég skil vel áhyggjur eigenda, en treysti mér ekki til að dæma um það og segi því pass í þessu atriði.

Sem efasemdamaður tortrygginn þegar hlutirnir virðast vera “tú gúdd tú bí trú” þá velti ég því fyrir mér hvort þetta sé lognið á undan storminum. Þá er ég að hugsa um nágrannalóðina Öldugötu 44 og þau áform sem þar voru grenndarkynnt fyrir 2 árum. Það vekur t.d. grunsemdir að ekki skuli sýnd nein bílastæði á lóðinni Brekkustígur 9, því nægilegt rými er til þess þar, og í raun er hefð fyrir því og er hluti af byggðamyndstrinu á þessum hluta Brekkustígs, að þar séu bakhús, sem áður hýstu “átján gamlar ær” en gætu í dag hýst hundrað hestöfl. Þessa vannýttu möguleika tengi ég við það í huga mér að eitthvað brall sé í uppsiglingu á horninu. Við “hagsmunaaðilarnir” bíðum átekta.

Sem lausnamiðaður bjartsýnismaður, vil ég leggja hér fram hugmynd sem ég bið ykkur hjá skipulagsfulltrúa að skoða og meta hvort sé framkvæmanleg og hvort hún sé ekki “frá öllum hliðum séð, stórfín”!
Á lóðarskika milli Drafnastígs og lóðarinnar Öldugötu 44 sem er í eigu borgarinnar, hefur verið byggður skúr í óleyfi, af þáverandi eigendum Öldugötu 44. Með réttu mætti krefjast þess að þessi skúr verði fjarlægður af borgarlandi og lóðarskikinn sameinaður t.d. Drafnarborgarlóðinni, eða gerður að opinberu rými með setbekk og gosbrunni fyrir göngulúna.
Enn betri þætti mér þó sú lausn að hafa makaskipti á þessum skika og vestasta hluta lóðarinnar Ö44, á horninu. Þar mætti gera lítinn aðlaðandi blett sem býður upp á hvíld og smá íveru á gönguferð um hverfið. Það liggur alveg ljóst

fyrir í gögnum Aðalskipulags Reykjavíkur að hlutfall opinna grænna almenningsrýma er langlægst i þessum borgarhluta (ég vísa í skrif mín tengd áðurnefndri grenndarkynningu í júní 2020) og ætti að vera metnaðarmál Borgarinnar að bæta þar úr. Í öllum þeim þéttbyggðu húsaröðum sem eru hér allt um kring gæti þetta verið tilbreyting sem nauðsynlega þarf til að skapa gott jafnvægi milli opinnar og þéttrar byggðar. Í dag flæðir gróðurinn hér inn í göturýmið fyrir okkur öll til að njóta. Þetta eru gæði sem er vert að halda í og varðveita ef nokkur kostur er. Það væri fyrir almannaheill þótt eignarhaldið sé hjá einkaaðila. Svona smátorg í eigu Reykjavíkurborgar gæti tryggt að þessi gæði glatist ekki.

Með vinsemd og virðingu
og bjartsýniskveðju

Þorsteinn Geirharðsson, arkitekt
Öldugötu 47, 101 Reykjavík

skrifað og sent þann 11.7.2022

USK Skipulag

Frá: Maria Huld Markan Sigfusdottir [redacted]
Sent: miðvikudagur, 13. júlí 2022 13:46
Til: USK Skipulag
Afrit: Kjartan Sveinsson
Efni: Athugasemdir v. breytingartillögu á Brekkustíg 9

Sæl,

Undirrituð eru íbúar á Brekkustíg 7.

Við höfum eftirfarandi athugasemdir við tillögu um endurbyggingu og breytingu á Brekkustíg 9.

1. Hækkun húss:

Til bóta frá síðustu tillögu er húsið "aðeins" hækkað um 0.5m en ekki heila hæð eins og fyrri tillaga kvað á um.
Við viljum samt benda á að með breikkun á kvistum hússins og þessari hækkun, mun skuggavarp aukast á efstu hæð okkar húss, þar sem gluggar á gafli okkar húss vísa í suður og væntanleg hækkun gaflsins og breyting á lögun hans mun skyggja á dagsbirtu. Við viljum enn og aftur minna á að bilið milli húsanna er aðeins 3.4m og því skerðist birta við hvern sentimetra sem húsið nr. 9 er hækkað.
Einnig bendum við á að ekki eru teiknaðir inn gluggar á okkar húsi í þeim tillögum sem liggja fyrir, eins og við bentum líka á varðandi fyrri tillögu.
Á teikningunum er gafl húss okkar á nr. 7 teiknaður gluggalaus, en í raun eru 3 gluggar á honum (tveir alveg í skugga af núverandi gafli en einn kvistgluggi við mæni hússins) og því mun birtuskerðing hafa áhrif á birtu á allri hæðinni. (mynd 33001-2 og 33001-4).
Við teljum að verið sé að gefa villandi mynd af áhrifum fyrirhugaðra breytinga með þessari framsetningu.

2.
Fyrirhugaðar litlar svalir á 1. hæð húss nr.9 norðan við inngangskálf:

Þessar svalir munu verða ansi nálægt lóðamörkum og því inngangi og sólpalli á okkar húsi okkar nr. 9.
Þetta yrði skerðing á persónulegu rými.
Aftur eru ekki lagðar fram réttar teikningar af húsi okkar, þar sem inngangur hússins hefur breyst frá þeim sem sýndar eru (mynd eftir breytingu af húsunum að aftan, vantar númer).
Núverandi inngangur okkar liggur upp á sólpall úr tré og eru tröppurnar og handriði upp á hann í aðeins 2.35cm fjarlægð frá lóðamörkum. Því myndi fjarlægð á milli svalanna tveggja sem yrðu í u.þ.bþ sömu hæð vera um 3m.
Þetta teljum við vera verulega skerðingu á persónulegu rými.

3.
Skuggavarp af stigagangskálfi:

Eins og segir í lið 2 þá sýna teikngar ekki sólpallinn á húsinu okkar nr. 9 sem er við inngang hússins og liggur í S-V út frá húsinu.
Fyrirhugaður stigagangskálfur mun skerða birtu á pallinum (skyggir á suðursól) einkum þegar sól er lægra á lofti að snemm- og síðsumars.
Einnig má benda á að skuggavarpsteikningar sem lagðar eru fram með tillögunum (sérstaklega 21. júní kl. 17) geta ekki staðist, því þar er núverandi skuggavarp ekki rétt. Kl. 17 þ. 12. júní er enn sól á umræddum palli (er teiknað í skugga) og því gefa teikningarnar í skyn að breytingin verði óveruleg. Það teljum við vera villandi framsetning og ekki rétt, heldur mun þessi stigagangskálfur, vegna hæðar sinnar, dýptar og afstöðu til sólar valda töluverðu skuggavarpi á okkar pall.

Virðingarfyllst:
Íbúar og eigendur á Brekkustíg 7:

Kjartan Sveinsson, [redacted]
María Huld Markan Sigfúsdóttir, [redacted]



1:100

BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
OG BREKKUSTÍGUR 9
NÚVERANDI HÚS



1:100

BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
OG BREKKUSTÍGUR 9
GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022

SKUGGAVARP 1.MAÍ



kl. 11 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 11 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022



kl. 13:30 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 13:30 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022



kl. 15 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 15 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022

SKUGGAVARP 21.JUNI



kl. 11 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 11 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022



kl. 13:30 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 13:30 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022



kl. 15 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 15 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022

SKUGGAVARP 21.MARS



kl. 11 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 11 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022



kl. 13:30 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 13:30 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022



kl. 15 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - NÚVERANDI HÚS



kl. 15 BREKKUSTÍGUR 7 - SUÐVESTURGAFL
BREKKUSTÍGUR 9 - GRENDARKYNNT TILLAGA DAGS. 8.3.2022

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 29.09.2022 (HS)

Mál: Brekkustígur 9 – byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka hús og byggja stigahús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg.



Grenndarkynningar voru sendar á þær lóðir sem eru merktar með rauðum punkti.

Einstaklingar sem búa á eða eiga húsnæði á lóðum merktum með gulum punkti gerðu athugasemdir.

Erindi var grenndarkynnt frá 14. júní 2022 til og með 13. júlí 2022. Þrjár athugasemdir bárust. Eftirtaldir sendu athugasemdir:

- Sigrún Baldvinsdóttir dags. 5. júlí 2022,
- Þorsteinn Geirharðsson dags. 11. júlí 2022
- Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 13. júlí 2022.

Að lokinni yfirferð athugasemda og ábendinga hafa þær verið flokkaðar efnislega í meginatriðum eftirfarandi sundurliðun:

- Útlitsbreyting á húsi að Brekkustíg 9 og götumynd
- Fjöldi íbúða á Brekkustíg 9 og útfærsla í kjallara
- Bílastæði
- Götuhorn Brekkustígs og Öldugötu – Áhyggjur íbúa, óleyfisframkvæmd við Drafnarstíg, nýting á götuhorni
- Grenndaráhrif – birtuskerðing, skuggavarp og nálægð/skerðing á persónulegu rými.

Útlitsbreyting á húsi að Brekkustíg 9 og götumynd.

Í tveimur athugasemdum kom fram að útlitsbreyting, sem lögð er til í erindinu á húsinu á Brekkustíg 9, þykir falla vel að götumynd. Báðir aðilar gerðu neikvæða athugasemd um fyrra erindi.

Svar við athugasemdum

Tekið er undir það með umsagnaraðilum um gæði í ásýnd hússins.

Niðurstaða

Athugasemdin hefur ekki áhrif á erindið.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Fjöldi íbúða og útfærsla í kjallara

Athugasemdir lutu að fjölgun íbúða. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun fastanúmera í húsinu eða á lóðinni. Í kjallara er sýnd útfærsla á vinnustofu þar sem hægt er að ganga beint út í garð en einnig úr sameign. Útfærsla í erindinu uppfyllir ekki kröfur byggingarreglugerðar um fjölgun íbúða á Brekkustíg 9.
Gerð er athugasemd um uppbyggingu og fjölgun íbúða á Öldugötu 44. Ekkert erindi um slíkt hefur borist embætti skipulagsfulltrúa eða embætti byggingarfulltrúa síðan það sem var grenndarkynnt árið 2020. Lóðin Öldugata 44 er í einkaeigu og hefur Reykjavíkurborg enga vitneskju um framtíðarplön lóðarhafa um hana. Sú uppbygging sem grenndarkynnt var árið 2020 var ekki heimiluð í þeirri mynd sem hún var kynnt. Engin viðbrögð hafa borist frá lóðarhafa vegna umsagnar skipulagsfulltrúa eftir þá grenndarkynningu um Öldugötu 44.

Svar við athugasemd

Húsið á Brekkustíg 9 er einbýlishús. Það verður áfram skráð sem slíkt. Uppbygging á Öldugötu 44 er ekki til umfjöllunar í þessu erindi.

Niðurstaða

Athugasemdin hefur ekki áhrif á erindið.

Bílastæði

Gerðar voru athugasemdir um skort á bílastæðum fyrir núverandi íbúa og að ekki væri gert ráð fyrir bílastæði fyrir íbúa hússins á Brekkustíg 9. Auk þess var bent á skort á bílastæðum á svæðinu.

Svar við athugasemd

Húsið á Brekkustíg 9 er einbýlishús, það er ekki gert ráð fyrir fjölgun íbúða í húsinu. Það er rétt að bílastæði eru ekki teiknuð inn á afstöðumynd. Aftur á móti stendur í byggingarlýsingu

Bíla- og hjólastæði:
Óbreytt staða, ekki er um að ræða fjölgun íbúða.
Í samræmi við samgöngustefnu Aðalskipulags er lögð er áhersla á hjólastæði á lóðunum. Á lóð eru sýnd eru 4 hjólastæði og hjóla- og vagnageymsla er í kjallara.

Til að taka af allan vafa var leitað eftir svari frá hönnuði og hann staðfesti að ekki væri um neina breytingu að ræða. Afstöðumynd verður því uppfærð með bílastæði inni á lóð.
Hvað almennan skort á bílastæðum varðar þá er það almennt og hefur ekki áhrif á þetta erindi, sérstaklega þar sem bílastæði eru leyst innan lóðar.

Niðurstaða

Athugasemdin hefur ekki áhrif á erindið að öðru leiti en að bílastæði verður sýnt inni á lóð á afstöðumynd.



Uppfærð afstöðumynd sem verður lögð inn í nýju teiknisetti.



Uppfærð grunnmynd sem sýnir bílastæði og mun verða lögð inn í nýju teiknisetti.

Götuhorn Öldugötu og Brekkustígs

- Áhyggjur vegna uppbyggingu á horni Öldugötu 44 komu fram í athugasemdum.
- Í athugasemdum var lögð fram tillaga um að láta rífa óleyfisframkvæmd á borgarlandi og gera garð þar.
- Einnig var gerð tillaga um að borgin gerði makaskiptasamning þar sem Öldugata 44 fengi þann skika sem skúrinn (óleyfisframkvæmdin) stendur á í skiptum fyrir jafn stóran hluta lóðarinnar sem stendur við horn Brekkustígs og Öldugötu.

Svar vegna uppbygging á Öldugötu 44

Erindið fjallar eingöngu um breytingu á húsi á Brekkustíg 9 en ekki um Öldugötu 44. Lóðin Öldugata 44 er í einkaeigu. Síðan byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt árið 2020 hafa engar upplýsingar eða fyrirspurnir borist frá lóðarhafa eða nokkrum í umboði hans um hugmyndir að uppbyggingu.

Svar vegna óleyfisframkvæmd á borgarlandi við Drafnarstíg

Á landskika milli lóðarinnar Öldugötu 44 og Drafnarstígs stendur skúr sem byggður var 1930. Þessi landskiki er borgarland og þessi skúr er fasteign sem tilheyrir Öldugötu 44 en er utan lóðar.
Eins og áður hefur komið fram fjallar þetta erindi eingöngu um uppbyggingu á Brekkustíg 9 en ekki svæði utan þeirrar lóðar. Einnig er vert að benda á að skúrinn hefur staðið í rúm 90 ár. Í lögum um mannvirki er fjallað um þvingunarúrræði eins og tillaga í athugasemd leggur til. Lögin gefa stjórnvöldum sveitarfélaga kost á að bregðast við ef gengið er gegn almannahagsmunum, svo sem skipulags-, öryggis- og heilbrigðishagsmunum. Beiting þvingunarúrræða þurfa að vera með tilliti til meðalhófs og eiga við þegar gengið er gegn almannahagsmunum, svo sem skipulags-, öryggis- og heilbrigðishagsmunum.

Svar vegna tillögu um makaskiptasamning

Þakkað er fyrir tillöguna.
Eins og áður segir þá snýst erindið um uppbyggingu á Brekkustíg 9. Tillaga að makaskiptasamningi á við um aðra lóð og er því ekki til umræðu hér.

Niðurstaða

Athugasemdirnar hafa ekki áhrif á erindið.

Grenndaráhrif

Í athugasemdum var bent á neikvæð grenndaráhrif, þá aðallega skuggavarp, birtuskerðingu og skerðingu á persónulegu rými. Bent var á að ekki hafi verið tekið tillit til ýmissa mikilvægra þátta á húsinu á Brekkustíg 7, t.d. gluggum á gafli og sólpalls. Til að bregðast við þessu og rýna betur var kallað eftir nýjum teikningum sem sýndu hvernig skuggi varpast hús á Brekkustíg 7 vegna breytinga á húsi á Brekkustíg 9.

Birtuskerðing og aukið skuggavarp vegna hækkunar húss

Mynd sem sýnir samanburð á breytingu á húsi að Brekkustíg 9 og óbreyttu ástandi, og skuggavarpsstúdíur, sem voru sendir inn eftir grenndarkynningu sýna að um óverulega breytingu er að ræða á birtu og skuggavarpi sem er innan hófsamra marka og búast má við þegar búið er í borg.



Séð á hvernig núverandi hús á Brekkustíg 9 er við hlið húss að Brekkustíg 7



Séð á hvernig grenndarkynnt tillaga að breytingu á húsi á Brekkustíg 9 er við hlið húss að Brekkustíg 7



Skuggavarp af Brekkustíg 9 á Brekkustíg 7, 21. mars.



Skuggavarp af Brekkustíg 9 á Brekkustíg 7, 1. maí.



Skuggavarp af Brekkustíg 9 á Brekkustíg 7, 21. júní.

Svar við athugasemdum

Athugasemdirnar hafa ekki áhrif á erindið.

Innsýn og skerðing á persónulegu rými

Gerð var athugasemd vegna skerðingu á persónulegu rými, þá sér í lagi á sólpalli á húsi númer 7 við Brekkustíg. Við rýni á landfræðilegum og skipulagslegum aðstæðum vegna neikvæðra grenndaráhrifa vegna breytinganna, kom í ljós að ekki hefur verið sótt um byggingarleyfi fyrir þeirri framkvæmd sem kölluð er sólpallur í athugasemdinni, en er í raun svalir sem er byggingarleyfisskyld framkvæmd, auk þess þarf samþykki fyrir henni frá Minjastofnun Íslands vegna aldurs byggingarinnar.
Nýjar skuggavarpsstúdíur sýna einnig að skuggavarp á svölunum er óverulegt, sjá myndir hér að ofan.



Loftmynd af Brekkustíg 7 og 9 sem sýnir svalir á húsi á Brekkustíg 7.


Séð inn á inngangssvalir á Brekkustíg 7 frá götu



Ásýnd á garðhlið Brekkustígs 7 í samþykktum aðaluppdráttum

Svar við athugasemdum

Athugasemdir hafa ekki áhrif á erindið.

Niðurstaða.

Neikvæð grenndaráhrif af tillögu í formi birtuskerðingar, skuggavarps, innsýnar og skerðingar á persónulegu rými þykja óveruleg og innan marka sem búast má við þegar búið er í borg.

Niðurstaða

Lagt er til að byggingarleyfisumsókn verði samþykkt óbreytt.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Hrafnhildur Sverrisdóttir
arkitekt FAÍ og verkefnastjór
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 29.09.2022 (HS)
uppfærð umsögn dags. 13.10.2022

Mál: Brekkustígur 9 – byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka hús og byggja stigahús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg.



Grenndarkynningar voru sendar á þær lóðir sem eru merktar með rauðum punkti.



Einstaklingar sem búa á eða eiga húsnæði á lóðum merktum með gulum punkti gerðu athugasemdir.

Erindi var grenndarkynnt frá 14. júní 2022 til og með 13. júlí 2022. Þrjár athugasemdir bárust. Eftirtaldir sendu athugasemdir:

- Sigrún Baldvinsdóttir dags. 5. júlí 2022,
- Þorsteinn Geirharðsson dags. 11. júlí 2022
- Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 13. júlí 2022.

Að lokinni yfirferð athugasemda og ábendinga hafa þær verið flokkaðar efnislega í meginatriðum eftirfarandi sundurliðun:

- Útlitsbreyting á húsi að Brekkustíg 9 og götumynd
- Fjöldi íbúða á Brekkustíg 9 og útfærsla í kjallara
- Bílastæði
- Götuhorn Brekkustígs og Öldugötu – Áhyggjur íbúa, óleyfisframkvæmd við Drafnarstíg, nýting á götuhorni
- Grenndaráhrif – birtuskerðing, skuggavarp og nálægð/skerðing á persónulegu rými.

Útlitsbreyting á húsi að Brekkustíg 9 og götumynd.

Í tveimur athugasemdum kom fram að útlitsbreyting, sem lögð er til í erindinu á húsinu á Brekkustíg 9, þykir falla vel að götumynd. Báðir aðilar gerðu neikvæða athugasemd um fyrra erindi.

Svar við athugasemdum

Tekið er undir það með umsagnaraðilum um gæði í ásýnd hússins.

Niðurstaða

Athugasemdin hefur ekki áhrif á erindið.

Fjöldi íbúða og útfærsla í kjallara

Athugasemdir lutu að fjölgun íbúða.

Ekki er gert ráð fyrir fjölgun fastanúmera í húsinu eða á lóðinni. Í kjallara er sýnd útfærsla á vinnustofu þar sem hægt er að ganga beint út í garð en einnig úr sameign. Útfærsla í erindinu uppfyllir ekki kröfur byggingarreglugerðar um fjölgun íbúða á Brekkustíg 9.

Gerð er athugasemd um uppbyggingu og fjölgun íbúða á Öldugötu 44. Ekkert erindi um slíkt hefur borist embætti skipulagsfulltrúa eða embætti byggingarfulltrúa síðan það sem var grenndarkynnt árið 2020. Lóðin Öldugata 44 er í einkaeigu og hefur Reykjavíkurborg enga vitneskju um framtíðarplön lóðarhafa um hana. Sú uppbygging sem grenndarkynnt var árið 2020 var ekki heimiluð í þeirri mynd sem hún var kynnt. Engin viðbrögð hafa borist frá lóðarhafa vegna umsagnar skipulagsfulltrúa eftir þá grenndarkynningu um Öldugötu 44.

Svar við athugasemd

Húsið á Brekkustíg 9 er einbýlishús. Það verður áfram skráð sem slíkt. Uppbygging á Öldugötu 44 er ekki til umfjöllunar í þessu erindi.

Niðurstaða

Athugasemdin hefur ekki áhrif á erindið.

Bílastæði

Gerðar voru athugasemdir um skort á bílastæðum fyrir núverandi íbúa og að ekki væri gert ráð fyrir bílastæði fyrir íbúa hússins á Brekkustíg 9. Auk þess var bent á skort á bílastæðum á svæðinu.

Svar við athugasemd

Húsið á Brekkustíg 9 er einbýlishús, það er ekki gert ráð fyrir fjölgun íbúða í húsinu. Það er rétt að bílastæði eru ekki teiknuð inn á afstöðumynd. Aftur á móti stendur í byggingarlýsingu

Bíla- og hjólastæði:
Óbreytt staða, ekki er um að ræða fjölgun íbúða.
Í samræmi við samgöngustefnu Aðalskipulags er lögð er áhersla á hjólastæði á lóðunum.
Á lóð eru sýnd eru 4 hjólastæði og hjóla- og vagnageymsla er í kjallara.

Samkvæmt innsendum teikningum er ekki gert ráð fyrir bílastæði inni á lóðinni. Á ljósmyndum af ja.is sést að bílum hefur verið lagt inni á lóð og málað hefur verið gul brotalína á gangstétt vegna innkeyrslu. Ekki er gert ráð fyrir bílastæði á lóðinni og þá mun því innkeyrslan ekki vera notuð. Fyrir vikið fjölgar sameiginlegum bílastæðum í borgarlandi um 1. Það hefur aldrei legið fyrir samþykkt vegna bílastæðis inni á lóðinni.

Niðurstaða

Athugasemdin hefur ekki áhrif á erindið að öðru leiti en að texti í óbreytta stöðu bílastæðis verður skipt út fyrir texta þar sem fram kemur að ekki verði gert ráð fyrir bílastæði inni á lóðinni.

Götuhorn Öldugötu og Brekkustígs

- Áhyggjur vegna uppbyggingu á horni Öldugötu 44 komu fram í athugasemdum.
- Í athugasemdum var lögð fram tillaga um að láta rífa óleyfisframkvæmd á borgarlandi og gera garð þar.
- Einnig var gerð tillaga um að borgin gerði makaskiptasamning þar sem Öldugata 44 fengi þann skika sem skúrinn (óleyfisframkvæmdin) stendur á í skiptum fyrir jafn stóran hluta lóðarinnar sem stendur við horn Brekkustígs og Öldugötu.

Svar vegna uppbygging á Öldugötu 44

Erindið fjallar eingöngu um breytingu á húsi á Brekkustíg 9 en ekki um Öldugötu 44. Lóðin Öldugata 44 er í einkaeigu. Síðan byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt árið 2020 hafa engar upplýsingar eða fyrirspurnir borist frá lóðarhafa eða nokkrum í umboði hans um hugmyndir að uppbyggingu.

Svar vegna óleyfisframkvæmd á borgarlandi við Drafnarstíg

Á landskika milli lóðarinnar Öldugötu 44 og Drafnarstígs stendur skúr sem byggður var 1930. Þessi landskiki er borgarland og þessi skúr er fasteign sem tilheyrir Öldugötu 44 en er utan lóðar.
Eins og áður hefur komið fram fjallar þetta erindi eingöngu um uppbyggingu á Brekkustíg 9 en ekki svæði utan þeirrar lóðar. Einnig er vert að benda á að skúrinn hefur staðið í rúm 90 ár. Í lögum um mannvirki er fjallað um þvingunarúrræði eins og tillaga í athugasemd leggur til. Lögin gefa stjórnvöldum sveitarfélaga kost á að bregðast við ef gengið er gegn almannahagsmunum, svo sem skipulags-, öryggis- og heilbrigðishagsmunum. Beiting þvingunarúrræða þurfa að vera með tilliti til

meðalhófs og eiga við þegar gengið er gegn almannahagsmunum, svo sem skipulags-, öryggis- og heilbrigðishagsmunum.

Svar vegna tillögu um makaskiptasamning

Þakkað er fyrir tillöguna.
Eins og áður segir þá snýst erindið um uppbyggingu á Brekkustíg 9. Tillaga að makaskiptasamningi á við um aðra lóð og er því ekki til umræðu hér.

Niðurstaða

Athugasemdirnar hafa ekki áhrif á erindið.

Grenndaráhrif

Í athugasemdum var bent á neikvæð grenndaráhrif, þá aðallega skuggavarp, birtuskerðingu og skerðingu á persónulegu rými. Bent var á að ekki hafi verið tekið tillit til ýmissa mikilvægra þátta á húsinu á Brekkustíg 7, t.d. gluggum á gafli og sólpalls. Til að bregðast við þessu og rýna betur var kallað eftir nýjum teikningum sem sýndu hvernig skuggi varpast hús á Brekkustíg 7 vegna breytinga á húsi á Brekkustíg 9.

Birtuskerðing og aukið skuggavarp vegna hækkunar húss

Mynd sem sýnir samanburð á breytingu á húsi að Brekkustíg 9 og óbreyttu ástandi, og skuggavarpsstúdíur, sem voru sendir inn eftir grenndarkynningu sýna að um óverulega breytingu er að ræða á birtu og skuggavarpi sem er innan hófsamra marka og búast má við þegar búið er í borg.



Séð á hvernig núverandi hús á Brekkustíg 9 er við hlið húss að Brekkustíg 7



Séð á hvernig grenndarkynnt tillaga að breytingu á húsi á Brekkustíg 9 er við hlið húss að Brekkustíg 7



Skuggavarp af Brekkustíg 9 á Brekkustíg 7, 21. mars.



Skuggavarp af Brekkustíg 9 á Brekkustíg 7, 1. maí.



Skuggavarp af Brekkustíg 9 á Brekkustíg 7, 21. júní.

Svar við athugasemdum

Athugasemdirnar hafa ekki áhrif á erindið.

Innsýn og skerðing á persónulegu rými

Gerð var athugasemd vegna skerðingu á persónulegu rými, þá sér í lagi á sólpalli á húsi númer 7 við Brekkustíg. Við rýni á landfræðilegum og skipulagslegum aðstæðum vegna neikvæðra grenndaráhrifa vegna breytinganna, kom í ljós að ekki hefur verið sótt um byggingarleyfi fyrir þeirri framkvæmd sem kölluð er sólpallur í athugasemdinni, en er í raun svalir sem er byggingarleyfisskyld framkvæmd, auk þess þarf samþykki fyrir henni frá Minjastofnun Íslands vegna aldurs byggingarinnar.
Nýjar skuggavarpsstúdíur sýna einnig að skuggavarp á svölunum er óverulegt, sjá myndir hér að ofan.



Loftmynd af Brekkustíg 7 og 9 sem sýnir svalir á húsi á Brekkustíg 7.


Séð inn á inngangssvalir á Brekkustíg 7 frá götu



Ásýnd á garðhlið Brekkustígs 7 í samþykktum aðaluppdráttum

Svar við athugasemdum

Athugasemdir hafa ekki áhrif á erindið.

Niðurstaða.

Neikvæð grenndaráhrif af tillögu í formi birtuskerðingar, skuggavarps, innsýnar og skerðingar á persónulegu rými þykja óveruleg og innan marka sem búast má við þegar búið er í borg.

Niðurstaða

Laga þarf texta í byggingarlýsingu þar sem fjallað er um bílastæði, sbr. það sem áður kemur fram. Að öðru leiti er lagt til að byggingarleyfisumsókn verði samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Hrafnhildur Sverrisdóttir
arkitekt FAÍ og verkefnastjór
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur